

## Fundargerð hjá stjórn Foreldrafélags Hörðuvallaskóla

Fundur haldinn þann 13. september Kringlunni 4-12

Fundur settur 11:30

Mættir: Arnar Björnsson, Freygerður Anna Ólafsdóttir, Halla Björg Evans, Heiðar Atlason, Heiður Hjaltadóttir, Linda Björk Hilmarsdóttir, Marta Sigurjónsdóttir.

Fundastjóri Marta Sigurjónsdóttir.

Fundaritari Freygerður Anna Ólafsdóttir

### 1. Bekkjarfulltrúar

Linda Björk Hilmarsdóttir upplýsti stjórn um mönnun í hlutverk bekkjarfulltrúa. Send hafa verið út ítrekunarbréf og kennarar beðnir um að taka þátt í að finna fulltrúa til starfa. Mikil vinna liggur að baki þessu verkefni en ennþá vantar þrjátíu og tvo aðila. Óskaði hún eftir aðstoð. Stjórnarmenn skipta á milli sín bekkjardeildum. Arnar Björnsson lagði til að við upphaf skólagöngu nemenda verði foreldum úthlutað staða bekkjarfulltrúa og foreldrar þannig meðvitaðir um hvenær þeir eigi að gegna þessu hlutverki. Umræða mun fara fram með bekkjarfulltrúum á fulltrúaráðsfundi.

### 2. Okkar Kópavogur

Fjölmargar góðar og gildar hugmyndir hafa verið lagðar fram á hugmyndavef verkefnisins Okkar Kópavogur. Þegar kemur að kosningu mun dreifður atkvæðafjöldi draga úr líkum á brautargengi þeirra hugmynda sem stjórn Foreldrafélagsins hefur lagt til. Upplýsingar um fyrirkomulag á kosningu og forgangslisti verkefna af hálfu stjórnar foreldrafélagsins verður settur á samfélagsmiðla í byrjun árs 2018.

### 3. Húsnæðismál

Frágangur á tengibyggingu milli frístandandi skólastofa á skólalóð hefur dregist úr hófi fram að mati stjórnar og ónáði af framkvæmdum á skólatíma mikið. Fyrirspurn hefur verið send til skólastjórnenda varðandi fyrirhuguð lok á framkvæmdum. Æskilegt þykir að vinna á staðnum fari fram utan skólatíma.

Bréf stjórnar Foreldrafélags Hörðuvallaskóla varðandi fyrirspurn um stöðu mála og áætlanir er lúta að fyrirbyggjandi húsnæðisvanda skólans hefur verið sent á Bæjarráð Kópavogs. Fyrirtöku í Bæjarráði var frestað þar til Menntaráð bæjarins hefur tekið málið til afgreiðslu.

### 4. Önnur mál

Uppfæra þarf gögn inni á heimasíðu Hörðuvallaskóla. Ábending hefur verið send.

Endurtekin umræða um notkun á vespum hefur verið inni á Facebooksíðu foreldrafélagsins og Kórahverfis. Skortur á fræðslu og öryggisvitund virðist almenn meðal ungra ökumanna tækjanna. Vaxandi ótti er um slyshættu af þessum völdum og skapaðist umræða um hvað hægt sé að gera til þess að draga úr þeirri hættu. Fyrirspurn um meðferð slíkra tækja og hertar reglur verður send á Heimili og skóla.

**Verkefni:**

Fræðslutexti vegna kosninga í verkefninu Okkar Kópavogur: Halla Björg Evans

Fyrirspurn til Blönduósbæjar varðandi leikkastala : Halla Björg Evans

Fyrirspurn til Heimilis og skóla vegna notkunar á vespum : Arnar Björnsson.

Fundi slitið 12:50